

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Lokaútgáfa – október 2016

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| 1. Samantekt tillagna..... | 2 |
| a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða..... | 2 |
| b. Áhersluverkefni í Sóknaráætlun 2015 | 4 |
| c. Áhersluverkefni 2016-2019 | 8 |
| d. Hugmyndir Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar um um ný verkefni | 13 |
| 2. Samráðsvettvangur sóknaráætlunar Vestfjarða – ferill | 14 |
| 3. Stefnumörkun..... | 16 |
| i. Nýsköpun og atvinnuþróun | 16 |
| ii. Menning..... | 17 |
| iii. Menntun | 20 |
| iv. Lýðfræði og þróun mannauðs..... | 21 |
| 4. Greining Vestfjarða..... | 24 |

1. Samantekt tillagna

Samningur um Sóknaráætlun Vestfjarða var undirritaður 10. febrúar 2015. Hann er gerður milli ríkisvaldsins annars vegar sem felur Stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál eftirfylgni með samningnum og hins vegar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Gildistími samningsins er fimm ár; út árið 2019. Í samningnum er gengið út frá því að innan vébanda Sóknaráætlunar Vestfjarða sé unnið að sérstökum áhersluverkefnum sem hafi beina skírskotun til áætlunarinnar. Einnig sé starfræktur Uppbyggingarsjóður sem sé samkeppnissjóður sem hafi það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni.

a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) þann 23. febrúar 2015 var ákveðinn rammi um fyrirkomulag á árinu 2015 fyrir Uppbyggingarsjóð Vestfjarða. Tekið var mið af því að sjóðurinn yrði farvegur fyrir svipað fjármagn og úthlutað var árið áður í gegnum Vaxtarsamning Vestfjarða og Menningarráð Vestfjarða. Leitast var við að samhæfa og einfalda umsýsluna með sameiningu þessara farvega fyrir stuðning við menningarstarf, atvinnuþróun og nýsköpun.

Ákveðið var af stjórn FV að úthlutað yrði 60 milljónum úr Uppbyggingarsjóði árið 2015. Ákveðin var sú skipting að 20 milljónir rynnu til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna þar sem styrkir yrðu hærri en milljón. Aðrar 20 milljónir yrðu veittar í formi stofn- og rekstrarstyrkja til menningarstofnana og verkefnastyrkja til menningarmála sem yrðu hærri en milljón. Loks rynnu 20 milljónir í styrki til minni verkefna þar sem einstök framlög yrðu 1 millj. eða lægri upphæð og gætu þau framlög hvort heldur sem er farið til nýsköpunar og menningarmála.

Skipuð var 9 manna úthlutunarnefnd til að vinna að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði og ákveðið að framvegis yrði sú nefnd kosin á Fjórðungsþingi samhliða stjórnarkosningum hjá FV. Samkvæmt samningi við ríkið skulu ekki fleiri en 40% nefndarmanna vera kjörnir fulltrúar sveitarstjórna. Svarbréf til umsækjenda voru send 4. júlí 2015 og fengu alls 57 verkefni og menningarstofnanir styrki. Sú nýbreytni var að hægt var að sækja um styrki til allt að þriggja ára. Umsækjendur hafa í gegnum árin kallað eftir úthlutunum til lengri tíma frá Vaxtarsamningi og menningarsamningi, en slíkt var ekki framkvæmanlegt þar sem framlög ríkisvaldsins til þeirra samninga voru yfirleitt ákveðin í fjárlögum frá ári til árs.

Árið 2016 var ákveðið að úthluta 65 milljónum úr Uppbyggingarsjóði, auk endurúthlutunar á fjármagni vegna verkefna sem féllu niður árið áður. Skiptingin var sú að 25 milljónir runnu í verkefnastyrki sem voru hærri en milljón án skiptingar milli málaflokka og 20 milljónir í verkefnastyrki sem yrðu milljón og lægri. 20 milljónum var svo ráðstafað í stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana. Svarbréf til umsækjenda voru send 22. mars 2016 og samtals veitt framlög til 66 menningarstofnana og verkefna.

Auglýstar áherslur við úthlutun styrkja voru þær sömu fyrstu tvö árin af samningstímabilinu. Mið var tekið af Sóknaráætlun Vestfjarða og litið sérstaklega til verkefna sem uppfylltu eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- Verkefni sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja sem byggja á nýsköpun, einnig vöru- og gæðapróun í starfandi fyrirtækjum
- Verkefni sem stuðla að nýsköpun, fjölbreytni og aukinni fagmennsku í menningarstarfi
- Verkefni sem fjölga eða styðja við atvinnutækifæri á sviði lista og menningar
- Verkefni sem efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu
- Verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu
- Verkefni sem skapa viðskiptatækifæri og verðmæti á sviði skapandi greina
- Verkefni sem skapa störf fyrir háskólamenntaðar konur eða stuðla að fjölbreyttari atvinnutækifærum fyrir ungt fólk á svæðinu
- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni sem auka útflutningstekjur eða eru gjaldeyrisskapandi
- Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á sviði líftækni
- Verkefni sem byggja á samstarfi fyrirtækja og rannsóknaraðila, þ.m.t. háskólastofnana

Gerður er samningur um útborgun styrkjanna og eftirfylgni með verkefnum og þurfa styrkþegar að skila áfanga- og lokaskýrslum ásamt fylgigögnum til að fá styrki greidda út. Styrkir eru endurkræfir ef ekkert verður af verkefni eða ef framkvæmdin reynist í ósamræmi við umsókn.

Við undirbúning að gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 á vinnufundum 2015 komu fram eftirfarandi áhersluatriði varðandi Uppbyggingarsjóð Vestfjarða:

- Auka þarf fjármagn í Uppbyggingarsjóði.
- Áfram verði horft til samvinnu, gæðapróunar, fagmennsku og atvinnusköpunar við útdeilingu fjármagns til verkefna. Horfa þarf í senn til efnahagslegra og samfélagslegra áhrifa.
- Ánægja með að hægt verði að sækja um styrki til lengri tíma en eins árs. Það hefur háð starfsemi hvað stuðningur er til skamms tíma og stefna ómarkviss, svo ekki sé talað um þau óþægindi sem skapast hafa fyrir styrkþega af því að ekki er gengið frá samningum milli ríkis og sveitarfélaga fyrr en langt er komið fram á viðkomandi ár.
- Rekstrar- og stofnstyrkir til menningarstofnana mega ekki leggjast af, frekar þarf að efla þá og hækka. Mikilvægt er talið að beina fjármagni til stofnana sem hafa fólk í vinnu, framkvæmdastjóra og fagmenntaða starfsmenn, fjármagn nýtist betur með þeim hætti. Styrkja þarf starfsemi sem þegar er til staðar, ekki síður en nýjungar. Bent er á að nýnæmi getur verið staðbundið.
- Margir hrifnir af þeirri hugmynd að velja öndvegisverkefni til að styrkja til verulegrar uppbyggingar og jafnvel auglýsa slíkt sérstaklega.
- Fylgja þarf verkefnum á leiðarenda – sýna þarf þolinmæði við uppbyggingu. Hjálpa þarf þeim verkefnum sem fær stuðning af stað alla leið. Fyrr skila verkefnin ekki að fullu þeim árangri sem að var stefnt.

- Mikilvægt er að úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs geri sér grein fyrir misjöfnum markmiðum og vaxtarmöguleikum nýsköpunarverkefna og menningarverkefna. Áframhaldandi stuðningur við menningarstarfsemi mikilvægur, að mörgu leyti hafi ríkt ánægja með framkvæmd menningarsamnings. Fjármagn til þess málaflokks megi ekki skerða. Gæta þar þess að verkefni sem hafa fyrst og fremst listrænt gildi verði ekki útundan.
- Bæði litlir styrkir og stórir styrkir til verkefna eru mikilvægir, hvorir með sínum hætti. Skiptar skoðanir komu fram um áherslur í þessum efnunum á vinnufundum, hvort styrkir ættu fremur að vera fáir og háir, eða margir og lágir.

Á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða 2. júní 2016 komu til viðbótar eftirfarandi ábendingar:

- Almenn ánægja var með úthlutanir sjóðsins 2015 og 2016.
- Fækka mætti áherslupunktum í auglýsingu, fókusa á fyrstu tvö skilyrðin, einfalda áherslur.
- Regla um 50% fjármögnun sé eðlileg.

Á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða 7. október 2016 var komu til viðbótar eftirfarandi ábendingar:

- Leggja áherslu á líftækni s.s. með úrvinnslu afurða úr sjávargróðri og sjávardýrum.

b. Áhersluverkefni í Sóknaráætlun 2015

Á grundvelli opinna vinnufunda um Sóknaráætlun Vestfjarða sem haldnir voru í janúar 2015 komu starfsmenn FV og framkvæmdastjóri AtVest saman til fundar og unnu hugmyndir um áhersluverkefni 2015. Lögð var áhersla á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum. Þessi helstu úrlausnarefni í byggðamálum á Vestfjörðum sem áhersluverkefni þurfa að mæta eru eftirtalin að mati starfsmanna:

- Óhagstæð mannfjöldaþróun, skekkt kynjahlutföll og skekktur aldurspíramídi.
- Of lágt menntunarstig og skortur á ungu háskólamenntuðu fólki. Sóknaráætlun verður að svara hvernig á að laða það á svæðið og fá það til að ílengjast þar.
- Fábreytni of mikil í atvinnulífi. Vantar hálaunastörf í fjórðunginn og aukna fjölbreytni, sérstaklega vantar fleiri góð störf fyrir ungt háskólamenntað fólk og konur.
- Þjónustuframboði er að sumu leyti áfátt og svarar ekki kröfum nútímans.
- Vestfirðingar njóta ekki jafnréttis við íbúa annarra landshluta varðandi aðgang, þjónustu, öryggi og kostnað við ýmsa opinbera þjónustu, s.s. hvað varðar samgöngukerfi, fjarskipti, raforkukerfi og heilbrigðismál svo dæmi séu tekin. Sá aðstöðumunur skekkir samkeppnisstöðu landshlutans á öllum sviðum atvinnulífs og mannlífs.

Á fundi stjórnar FV þann 8. júní 2015 voru ákveðin þrjú áhersluverkefni innan ramma Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015. Tillögurnar voru lagðar fyrir Starfshóp stjórnarráðsins um byggðamál og samþykktar þar. Þær voru einnig lagðar fyrir samráðsvettvang á Vestfjörðum í ágúst 2015.

Áhersluverkefni 2015 byggja á því að á samningstímabilinu 2015-2019 verði samkeppnisstaða landshlutans jöfnuð er varðar innviði (m.a. samgöngur, fjarskipti og aðgengi að ferðamannastöðum) og aðgengi að þjónustu bætt, s.s. menntun, menningu, heilbrigðismálum og stjórnsýslu. Breytingar í atvinnulífi og bættir innviðir kalla á að sveitarfélög fari í sameiginlega stefnumörkun. Sóknarfæri eru talin í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfi Vestfjarða og nýsköpun í hliðargreinum þeim tengdum. Ætlunin er að vinna gegn einhæfni atvinnulífs og leggja áherslu á þróun aðlaðandi starfa fyrir ungt menntað fólk. Nýta samhliða tækifærið til að auka vægi virðisaukandi starfa á kostnað starfa í frumframleiðslu. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- Styðja við verkefni sem beinast að fjárfestingum á þeim sviðum sem eru með áherslu á virðisaukandi framleiðslu og áhersla verði á uppbyggingu sérfræðistarfa innan atvinnulífs.
- Stjórnvöld leggi áherslu á að byggja upp og fjölga störfum er tengjast menningu, menntun, rannsóknum og stjórnsýslu er tengjast sérstöðu svæðisins er varðar umhverfi og samfélag.

Sett er í forgang að ná fram eftirfarandi atriðum:

- Að ná sem mestri samræmingu milli sveitarfélaga um aðkomu þeirra að
 - fjárfestingarverkefnum,
 - ívilnunum
 - verndun og eflingu þess atvinnulífs sem fyrir er á svæðinu
 - fjölgun og staðsetningu opinberra starfa.
- Skapa samræmi um nýtingu auðlinda svæðisins á landi og á strandsvæði Vestfjarða. Unnið verði í þessu samhengi að skipulagi innviða s.s. varðandi veitur, burðarþol lands og sjávar og verndun umhverfis.
- Auka samstöðu íbúa innan sveitarfélaga og í samstarfi þeirra á milli.

Verkefni 1:

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum

Markmið:

Samþætting sóknaráætlunar við stefnumörkun sveitarfélaga frá og með árinu 2016.

Á tímabili Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019, verða langþráðar breytingar í landsamgöngum og gagnaveitumálum á Vestfjörðum. Hér er vísað til verkefna innan samgönguáætlunar 2015-2018, Vestfjarðavegur um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandaheiði og Strandavegur norður í Árneshrepp. Auk sérstaks átaks í ljósleiðaratengingum og fyrirheita um tengingu dreifbýlis innan væntanlegrar fjarskiptaáætlunar.

Á áætlunartímabilinu má því vænta að síðustu áfangar í hringvegi um Vestfirði verði komnir áleiðis. Hringvegur sem tengir atvinnu- og þjónustusvæði innan Vestfjarða auk þess að skapa ný tækifæri s.s. í ferðaþjónustu og fiskeldi. Hafin verður vegagerð um Veiðileysuháls til að

rjúfa vetrareinangrun íbúa í Árneshreppi. Fyrir liggur krafa frá sveitarfélögum á Vestfjörðum að þessum verkefnum verði flýtt innan tímabilsins. Í fjarskiptum má ætla að allt þéttbýli og meginhluti dreifbýlis á Vestfjörðum verði tengt ljósleiðara.

Fyrirfram má fullyrða að uppbygging innviða leiði til framþróunar samfélaga á Vestfjörðum. Sá vandi getur hins vegar komið upp að samfélögin nýti ekki tækifærin með markvissum hætti. Greiningar á afstöðu íbúa á Vestfjörðum til búsetu, sýna að ítrekuð seinkun á uppbyggingu samgöngu- og veitukerfa á Vestfjörðum eftir miðjan tíunda áratuginn, hafa haft neikvæð áhrif á viðhorf íbúa til samfélaganna og samstarf samfélaganna á milli. Vandí verður á höndum ef ekki tekst að byggja upp traust innan samfélaganna og á milli þeirra og slíkt ástand getur seinkað framþróun í landshlutanum. Annar vandi tengdur þessu, er að trú íbúa og samfélagsins á aðrar áætlanir stjórnvalda falla hér að sama hátt undir og vantraust er ríkjandi, þetta á einnig við um sóknaráætlun.

Stefnumörkun til langs tíma í senn getur að hluta mætt þessum vanda. Sóknaráætlun landshluta er hluti af mörkun langtímastefnu, en helstu gagnrýnin viðbrögð á fundum um stefnumörkun hennar voru ábendingar um þröngt starfsvið og takmarkað fjármagn. Sá vandi kemur því upp að skammtíma verkefni verði valin umfram langtímaverkefni. Annar vandi er að verkefnahugmyndir sem hafa komið fram fela í sér verulega eða mikla fjárhagslega aðkomu sveitarfélaga og eru því háð stefnu sveitarfélaganna.

Til að leysa framangreindan vanda þá verður að setja fram víðtækari stefnumörkun. Þar verði sveitarfélögin að vera leiðandi aðili og þá ýmist innan einstakra þjónustusvæða á Vestfjörðum eða á Vestfjörðum í heild. Telja verður að sá vettvangur sem henti fyrir slíka vinnu sé svæðisskipulag. Svæðisskipulag er lögformlegur samráðsvettvangur sem sveitarfélög geta sett á fót til að marka stefnu í sameiginlegum málum.

Verkefnatillaga er því að setja fjármagn til að gera ramma fyrir gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Niðurstaða verkefnisins verði tillaga um að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði í heild eða svæðisskipulags sem tæki til tveggja eða þriggja þjónustusvæða en með víðtæku samstarfi. Á grundvelli tillögunnar verði stofnaður samráðsvettvangur sveitarfélaganna sem mun standa að gerð svæðisskipulags og sækja til þess fjármagn lögum samkvæmt. Einnig verði lagt mat á hvort sameina megi samráðsvettvang sveitarfélaganna og samráðsvettvang sóknaráætlunar.

Framkvæmdaaðili:

Fjórðungssamband Vestfirðinga í samstarfi við ráðgjafastofu.

Framlag úr Sóknaráætlun 2015

4 millj.

Framkvæmd og afrakstur:

Vinna að verkefninu hófst í október 2015 og samið var í lok nóvember við Teiknistofuna Eik á Ísafirði og Eflu verkfræðistofu í Reykjavík um samstarf þessara tveggja aðila um ráðgjöf við verkefnið. Afurð verkefnisins er rammi fyrir næstu skref, en í lokaskýrslu vorið 2016 er lagt til að sveitarfélög á Vestfjörðum ráðist í gerð svæðisáætlunar um samvinnu á sviði ákveðinna málaflokka. Skýrslan verður lögð fram til formlegrar afgreiðslu á haustþingi FV 2016 sem fjallar um stefnumótun og framtíðarsýn.

Verkefni 2

InWestfjords

Markmið:

Fábreytt atvinnulíf og viðvarandi fólksflótti er þekkt vandamál á Vestfjörðum. Þessu þarf að bregðast við með beinum fjárfestingaverkefnum sem byggja upp atvinnu og samfélag á Vestfjörðum. Styðja þarf við fjárfestingar í nýjum verkefnum og er þessu verkefni ætlað að draga að bæði fólk og fjármagn til Vestfjarða. Fjöldi nýrra fjárfestingaverkefna sem verða sett af stað eða unnið í að setja af stað á árinu 2015 er sá mælikvarði sem stuðst verður við. Lagt er upp með að koma af stað 3 nýjum fjárfestingaverkefnum

Framkvæmdaaðili:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Framlag úr Sóknaráætlun 2015:

5 millj.

Framkvæmd og afrakstur:

Verkefnið hófst seint á árinu 2015 og eftirfarandi verkefni mótuð; stækkun á seiðaeldi, afurðavinnsla fyrir laxa- og silungaafurðir, kalkþörungaverkefni (2 verkefni), áburður og olía úr hliðarafurðum frá vinnslufyrirtækjum, afþreyingarverkefni í ferðapjónustu, hótelluppbygging, fiskroð og þaraböð. Önnur verkefni voru skoðuð á árinu en fóru ekki í viðskiptaáætlanagerð eða undirbúning undir fjárfestingakynningar. Einnig var áhugi innlendra og erlendra fjárfesta kannaður og verkefninu var beint í þann farveg að Hvetjandi yrði eflur sem fjárfestingasjóður með stækkun um 300-500 millj. Það útilokar þó ekki að sérstakur sjóður gæti verið stofnaður um ákveðin sérverkefni og stærri verkefni.

Verkefni 3

Bein markaðssetning

Markmið:

Tryggja þarf fjármagn til að sinna beinni markaðssetningu á vestfirskri ferðapjónustu. Vestfirðir eru minnst heimsótt svæði landsins af ferðamönnum, jafnframt er mikil árstíðarsveifla í heimsóknum. Tryggja þarf fé til að markaðssetja Vestfirði, með áherslu utan háannar, til þess að tryggja bættu nýtingu fjárfestinga og innviða.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er lögð áhersla á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum, en einnig var hugað sérstaklega að þeim geirum atvinnulífs sem í senn svarar þessum vanda og gefur tækifæri til vaxtar og sóknar líkt og ferðapjónusta gerir. Ferðapjónusta er vaxandi grein á Vestfjörðum, en langflest ferðapjónustufyrirtæki eru smá og hafa takmarkaða getu til að sinna markaðssetningu. Því er nauðsynlegt að stoðkerfið styðji við þetta verkefni.

Verkefninu var skipt niður í fjóra verkþætti árið 2015:

1. Sýningar/vinnustofur. Þátttaka í tveimur sýningum/vinnustofum, annars vegar VestNorden í Færeyjum og hinsvegar á vinnustofu í Bandaríkjunum og Kanada í samfloti

- með Íslandsstofu. Á þessum sýningum er lögð áhersla á að kynna vestfirska ferðaþjónustu fyrir söluaðilum, með sérstaka áherslu á þá markaði sem henta ferðaþjónustunni á svæðinu best.
2. Móttaka blaðamanna. Markaðsstofa Vestfjarða mun taka á móti a.m.k. tveimur blaðamannahópum. Blaðamannaferðir eru unnar í samstarfi við Íslandsstofu og PR fyrirtæki Íslandsstofu
 3. Auglýsingar á neti/samfélagsmiðlum. Haft hefur verið samband við auglýsingastofu/ráðgjafafyrirtæki sem mun vinna með Markaðsstofu Vestfjarða við uppsetningu á birtingaráætlun. Jafnframt mun ráðgjafafyrirtækið aðstoða við gerð netauglýsinga. Kostnaður þessa verkþáttar skiptist í birtingar og ráðgjöf.
 4. Kynningar. Unnið verður að því að koma jákvæðum umfjöllunum um Vestfirði á framfæri í innlendum miðlum og á samfélagsmiðlum.

Framkvæmdaaðili:

Fjórðungssamband Vestfirðinga, deild Markaðsstofa Vestfjarða.

Framlag úr Sóknaráætlun 2015:

5 millj.

Framkvæmd og afrakstur:

Öllum verkþáttum verkefnisins lauk á árinu 2015. Markaðsstofa Vestfjarða fór á tvær sýningar í tengslum við verkefnið árið 2015, ferðasýninguna VestNorden og vinnustofur í Bandaríkjunum og Kanada. Í tengslum við verkefnið var tekið á móti blaðamönnum frá Bandaríkjunum og frá Skandinavíu. Í heildina var tekið á móti sjö blaðamönnum á vegum verkefnisins. Móttaka blaðamanna er unnin í samstarfi við Íslandsstofu. Unnið var með Kapall markaðsráðgjöf við gerð og birtingar á netauglýsingum. Var þar sérstaklega horft á að kynna Vestfirði utan háannar. Auglýsingarnar voru birtar á netinu (google ads) sem og á facebook sem keyptar umfjallanir. Loks var unnið að því að koma á framfæri skemmtilegum umfjöllunum um svæðið, var það meðal annars gert í gegnum samfélagsmiðla.

c. Áhersluverkefni 2016-2019

Til ráðstöfunar í áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar Vestfjarða voru 14 millj. árið 2015, en 20 millj. árið 2016. Vonast er til að framlög ríkisvaldsins til sóknaráætlana landshlutanna haldi áfram að hækka á samningstímabilinu, eins og gefin hafa verið fyrirheit um.

Tillaga um tíu áhersluverkefni innan vébanda Sóknaráætlunar Vestfjarða 2016 hefur verið samþykkt af framkvæmdaráði samráðsvettvangs, stjórn FV og Stýrihóp stjórnarráðsins

Þau 10 verkefni sem ætlunin er að ráðast í árið 2016 eru eftirfarandi:

Verkefni 1:

Visit Westfjords

Markmið:

Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum. Vestfirðir auki hlutdeild í vaxandi hópi erlendra ferðamanna.

Framkvæmdaaðili: Markaðsstofa Vestfjarða Samstarfsaðilar Ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Nýsköpunarmiðstöð og Ferðamálasamtök Vestfjarða

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 var lögð áhersla á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum, en einnig var hugað sérstaklega að þeim geirum atvinnulífs sem í senn svara þessum vanda og gefa tækifæri til vaxtar og sóknar líkt og ferðaþjónusta gerir.

Ferðaþjónusta er vaxandi grein á Vestfjörðum, en langflest ferðaþjónustufyrirtæki eru smá og hafa takmarkað geta sinnt markaðssetningu. Því er nauðsynlegt að stoðkerfið styðji við þetta verkefni.

Tímarammi: 2016-2018

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 5.800.000,-

Verkefni 2:

InWest (framhald)

Markmið:

1. Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum í gegnum Hvetjanda eða nýjan fjárfestingasjóð eða önnur ný fjárfestingaúrræði.
2. Áframhaldandi vinna með fjárfestingarkostum sem hafa verið í vinnslu vegna InWest

Framkvæmdaaðili: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019 :

Til að bregðast við fábreytni í atvinnulífi og takmörkuðum atvinnumarkaði þá þarf að fjárfesta í nýjum verkefnum sem munu fjölga atvinnutækifærum og þar með styrkja heildaratvinnumarkað svæðisins. Til þess að þetta geti gerst þarf að finna leiðir til að auka aðgengi að þolinmóðu fjármagni til nýrra verkefna.

Í gegnum Vaxtarsamning Vestfjarða og Sóknaráætlun Vestfjarða hefur verið stutt við kynningu fjárfestingakosta á Vestfjörðum og hefur sú vinna leitt til þess að undirbúningi eru fjárfestingaverkefni sem hafa alla burði til þess að komast til framkvæmda til lengri tíma litið. Það er búið að vinna nauðsynlega grunnvinnu ásamt því að afla þekkingu og tengiliða til þess að vinna áfram með fjárfestingaverkefnin. Tengiliðir þeir sem unnið er með eru bæði fagfjárfestar, fjármögnunarfyrirtæki og ráðgjafar sem hafa það að atvinnu að byggja upp þróunarverkefni víðs vegar um heiminn og á Íslandi. Byggt á þeim upplýsingum og tengiliðum sem verkefnið býr nú þegar yfir er hægt að fara í aðgerðir sem er lýst í þessari verkefnaáherslu

Tímarammi: 2016-2018

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 3.800.000,-

Verkefni 3:

Umhverfisvottaðir Vestfirðir

Markmið:

Að starfsemi sveitarfélagana á Vestfjörðum verði umhverfisvottuð innan tveggja ára.

Framkvæmdaaðili: Fjórðungssamband Vestfirðinga í samstarfi við sveitarfélögin á Vestfjörðum og ráðgjafa sem fengnir eru til starfa

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019

Efling og aukin fjölbreytni atvinnulífs. Fyrirtæki sem eru í matvælaiðnaði og ferðaþjónustu, leggja í auknu mæli áherslu á umhverfisvottun sinnar starfsemi. Þau kalla eftir stefnu samfélagsins í þeim sömu efnum og umhverfisvottun sveitarfélaga er ákveðið svar við því.

Tímarammi: 2016-2018

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 2.200.000,-

Verkefni 4**Gegnumsláttur 2019***Markmið:*

Lok og skipulag á framhaldi við verkefnið Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum sem unnið var innan sóknaráætlunar 2015.

Framkvæmdaaðili: Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik, Efla verkfræðistofa, sveitarfélög á Vestfjörðum

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Samþætting sóknaráætlunar við stefnumörkun sveitarfélaga í atvinnu- og samfélagsmálum frá og með árinu 2016.

Tímarammi: 2016

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 800.000,-

Verkefni 5**Vestfirðir altengdir 2018***Markmið:*

Vestfirðir verði fyrsti landshlutinn utan höfuðborgarsvæðis með ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem þéttbýli.

Framkvæmdaaðili: Fjórðungssamband Vestfirðinga, sveitarfélögin, samráðsvettvangur sveitarfélaga eða eitt sveitarfélaga sem leiði verkefnið með starfsmanni.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Auðveldar aðgengi íbúa að þjónustu, menntun og sköpun nýrra atvinnutækifæra. Á

Tímarammi: 2016-2018

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 1.350.000,-

Verkefni 6**Þróunarsetur á Vestfjörðum**

Markmið:

Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli.

Framkvæmdaaðili: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða í samvinnu við sveitarfélögin, stofnanir ríkisins og einkaaðila.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Efling setra með fjölda leigutaka og nýrra verkefna sem koma inn í setið.

Tímarammi: 2016-2018

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 3.550.000,-

Verkefni 7**Jarðvarmi á Vestfjörðum****Markmið:**

- Kanna fýsileika á hitaveitu á Vestfjörðum þar sem jarðvarmi hefur ekki verið áður nýttur.
- Kortleggja eignarhald og nýtingarrétt á jarðvarma þar sem hann hefur fundist
- Auka nýtingu á jarðvarma á Vestfjörðum.

Framkvæmdaaðili: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða í samvinnu við sveitarfélög, orkufyrirtæki og fyrirtæki í jarðavarmaklasa.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019

- Bætt búsetuskilyrði fyrir íbúa
- Bætt skilyrði fyrir fyrirtæki með aðgengi að heitu vatni
- Fjölbreyttari uppbygging sprota og nýjum verkefnum ýtt af stað byggt á jarðvarma.

Tímarammi: 2016-2017

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 2.200.000,-

Verkefni 8**Rannsóknaklasi á Vestfjörðum****Markmið:**

- að virkja rannsóknarumhverfi á Vestfjörðum
- að bæta sjálfsmynd og samstarfsvilja rannsóknarumhverfis
- að kynna rannsóknarumhverfið innan Vestfjarða og utan
- að bæta ímynd Vestfjarða með fjölbreyttu atvinnulífi
- að kynnast betur rannsóknarmöguleikum og þörfum atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum/Hólmavík,

Framkvæmdaaðili: Háskólasetur Vestfjarða í samstarfi við allar rannsóknarstofnanir á Vestfjörðum, fyrirtæki sem sinna rannsóknum í víðari merkingu og einstaklinga sem vinna að rannsóknum eða hafa hug á að gera það. Viðkomandi sveitarfélög og atvinnulíf.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Nýsköpun og atvinnuþróun, bætt ímynd Vestfjarða, uppbygging mannauðs í menntamálum og nýting/virkjun hugsanlegra samlegðaráhrifa

Tímarammi: 2016-2017

Framlag úr sóknaráætlun 2016: 300.000,-

Verkefni 9:

Straumar!

Markmið:

Unga fólkið menntar sig í gjarnan í burtu frá dreifðum byggðum þar sem oft er einhæft atvinnulíf sem ekki krefst mikillar sérmenntunar. Þetta á t.d. við um listamenn. Fyrir Vestfirði er því mikilvægt að skapa ungu menntuðu listafólki tækifæri til að taka þátt í menningar- og listalífi svæðisins sem það á rætur í. Þannig getur það eftt tengslanet sitt í heimbyggð og jafnframt fæst sérþekking inn á svæðið með verkefnum þeirra og hugmyndum. Ungt fólk í námi eða menntað í menningu og listum fær tækifæri í verkefninu Straumar! til að koma í heimabyggð og vinna þar að metnaðarfullum menningarverkefnum á eigin forsendum.

Framkvæmdaaðili: FV, menningardeild.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Hugmynd að verkefninu er beinlínis lögð fram á grundvelli þeirrar stefnu í menningarmálum sem birtist í fyrstu útgáfu Sóknaráætlunar Vestfjarða: „Lögð skal áhersla á að skapa listnemum og ungu listafólki aðstöðu og möguleika á að starfa í heimabyggð á námstíma og eftir nám“ og enn fremur: „Áhersla skal lögð á að ... efla tengsl við ungt fólk af svæðinu sem menntar sig í menningu og listum og að það sé hvatt til að taka þátt í verkefnum og uppbyggingu á Vestfjörðum.“ Gera má ráð fyrir að jákvæð áhrif af verkefninu verði meðal annars aukið framboð af fjölbreyttum menningarverkefnum og að ungt brottflutt listafólk myndi sterkari tengsl við sína heimabyggð. Framboð á menningarviðburðum og afþreyingu hafa áhrif þegar búseta er ákvörðuð. Þetta þarf að hafa í huga þegar reynt er að sporna við fólksfækkun og hlutfallslegri fækkun ungs fólks á ákveðnum svæðum.

Tímarammi: 2016-2017.

Framlag úr sóknaráætlun 2016: Fjármagn til að framkvæma verkefnið verði tekin af fjármagni sem eftir stóð þegar Menningarráð Vestfjarða var lagt niður í árslok 2014.

Verkefni 10:

Kortlagning menningar og skapandi greina

Markmið:

Verkefnið snýst a) um greiningu og kortlagning á núverandi stöðu og umfangi menningarstarfs og skapandi greina á Vestfjörðum og samfélagslegu og efnahagslegu vægi þeirra. Um er að ræða stöðuggreiningu á grundvelli þeirrar þekkingar sem liggur fyrir hjá FV og einnig söfnun frekari upplýsinga og uppsetningu þeirra í gagnagrunn. Í framhaldi upplýsingasöfnunar tæki við b) hugmyndavinna og kortlagning á möguleikum og tækifærum

til eflingar og atvinnusköpunar á sviði skapandi greina, auk skoðunar á tækifærum innan menntakerfis að auka hvatningu á því sviði.

Framkvæmdaaðili: FV, menningardeild.

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019:

Fjallað er um þörfina á kortlagningu skapandi greina og hugmyndavinnu þar um í sóknaráætlun, m.a. í samhengi við hugmyndir um að mæta óhagstæðri mannfjöldapróun, skekktu kynjahlutfalli og aldurspíramída. Einnig of lágu menntunarstigi, skorti á háskólamenntuðu fólki, fábreytni í atvinnulífi, skorti á hálaunastörfum og að þjónustuframboði sé áfátt. Einnig samræmist það stefnu í menningarmálum vel og má heita nauðsynleg grunnvinna og hjálpartæki við fjölgun tækifæra á sviði skapandi greina og til að tryggja að menningarstarf hafi sem mest jákvæð áhrif á ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúanna. Að sama skapi fellur það vel að stefnumiðinu um að áhersla skuli lögð á „að efla rannsóknir á menningu og listum í fjórðungnum“.

Tímarammi: 2016

Framlag úr sóknaráætlun 2016: Fjármagn til að framkvæma verkefnið verði tekin af því fjármagni sem eftir stóð þegar Menningarráð Vestfjarða var lagt niður í árslok 2014.

d. Hugmyndir Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar um um ný verkefni

Á fundi Samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Vestfjarða 2. júní 2016 var farið yfir þessi 10 verkefni sem lýst er hér að ofan sem áhersluverkefnum 2016. Sérstaklega var rætt um mikilvægi verkefni 5 um altengda Vestfirði 2018 og verkefni 6 um eflingu Próunarsetra. Þá komu fram hugmyndir um frekari framlög í verkefni 8 um rannsóknaklasa á næstu árum. Á fundinum komu einnig fram eftirfarandi hugmyndir um ný verkefni sem þarf að taka til skoðunar þegar ákvörðun um áhersluverkefni er tekin fyrir árið 2017.

- Lýðheilsuverkefni – heilsurækt. Hvort móta mætti verkefni sem væri rammi utan um heilsutengd verkefni og á því sviði á Vestfjörðum, tengist útivist og ímynd, einnig lífsgæðum íbúa, sköpun aðstöðu fyrir einstaklinga til að efla sig andlega og líkamlega. Horfa á Vestfirði í gegnum „heilsugleraugun“.
- Í stefnumótun er rætt um menntun og þar koma m.a. fram eftirfarandi leiðir til að ná markmiðum: „Setja þarf upp framtíðarsýn um stöðu ólíkra skólastiga 2019“ og „Mikilvægt er að sveitarfélögin setji sér sameiginlega stefnu á öllum skólastigum og skapað verði fjölbreyttara skólastarf á svæðinu.“ Rætt var að um móta áhersluverkefni sem sett yrði af stað 2017 sem byggði á þessum áherslupunktum.
- Rætt var um hvernig virkja mætti mannauð sem býr í íbúum Vestfjarða sem best og var sett fram sú hugmynd að móta áhersluverkefni um samræmda móttökuáætlun sveitarfélaganna fyrir það fólk sem flytur á svæðið, bæði erlendis frá og innanlands.
- Einnig var rætt um að skoða þyrfti hvort ekki sé hægt að nýta samkeppnisform innan áhersluverkefna til að kalla fram lausnir á sérstökum vandamálum eða búa til áhugaverð hliðarverkefni við atvinnugreinar, t.d.. með verðlaunasamkeppni á afmörkuðum sviðum. Stundum henti að nota þröngt sjónarhorn til að leysa vanda.

2. Samráðsvettvangur sóknaráætlunar Vestfjarða – ferill

Í janúar 2015 þegar ljóst var í hvað stefndi varðandi samning um sóknaráætlunir landshlutanna voru haldnir þrjú opnir fundir á Vestfjörðum – á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði. Þar var safnað hugmyndum og ábendingum fyrir gerð Sóknaráætlunar 2015-2019. Ágætt mæting var á alla fundina og um 25-30 manns á hverjum fundi – blanda af fulltrúum atvinnulífs, sveitarfélaga, stofnana og félaga. Eftir rækilegan inngang þar sem farið var yfir greiningu á hagkerfi Vestfjarða, stöðu sjávarútvegs og fleiri atvinnugreina var unnið í hópum. Þar voru fjórir ólíkir málaflókkar sem sóknaráætlun á að snúast um samkvæmt módeli frá stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál teknir fyrir: *Menning, Atvinnuþróun & nýsköpun* og flokkarnir *Mannauður* og *Lýðfræði* sem voru teknir fyrir til umræðu í einu lagi. Borðstjórar voru starfsmenn FV og AtVest.

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar FV þann 11. maí 2015 var óskað var eftir tilnefningum sveitarfélaga á Vestfjörðum í samráðsvettvang. Í samþykkt stjórnar sagði; *hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og AtVest setja fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Stuðst skal við efnisatriði sóknaráætlunar 2013 og 2014 og niðurstöður opinna funda um viðfangsefni sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019, þ.e. fundir sem haldnir voru á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði í janúar sl.*

Leitað var til sveitarfélaganna um að tilgreina einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sinna svæða með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð og lýðfræðilega þróun. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2-7 fulltrúar yrðu tilnefndir.

Úr þessum hópi var ætlun að stjórn FV tilnefndi ákveðinn fjölda (25-35 manns) þar sem gætt yrði jafnræðis á milli kynja, á milli byggðarlaga og á milli málaflókka. Einnig er ætlun stjórnar FV að leggja mat á samsetningu hópsins og kalla til sérfræðinga í ákveðnum málaflókum ef þörf er á. Heldur erfiðlega gekk að fá tilnefningar frá sveitarfélögum í samráðsvettvanginn og afgreiddi stjórn FV því tillögur að áhersluverkefnum 2015 þann 8. júní og fól starfsmönnum að ljúka við greinargerð sóknaráætlunar og útfærslu tillagna. Tillögur og greinargerð voru send út til kynningar á meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum og einnig kynnt fyrir þeim aðilum sem sóttu samráðsfundi sem haldnir voru í janúar. Unnið var úr umsögnum sem bárust.

Þegar öll sveitarfélög höfðu skilað inn tilnefningum var haldinn fundur í 45 manna samráðsvettvangi í 28. ágúst 2015 sem ræddi fyrstu gerð *Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019*, um fyrirkomulag áætlunarinnar og hvern málaflókk sem þar er til umfjöllunar. Á þessum fundi hófst einnig vinna við skilgreiningu verkefna 2016 og fjallað var um alla málaflókka sem teknir eru fyrir í áætluninni. Auk þess var rætt um framkvæmd og fyrirkomulag, áherslur í starfi Uppbyggingarsjóðs og þau áhersluverkefni sem vilji var til innan vettvangsins að ráðist yrði í á árabílinu 2021-2019.

Skipað var sjö manna framkvæmdaráð samráðsvettvangsins í september 2015. Sá hópur vann áfram með stjórn og starfsmönnum FV að tillögum að áhersluverkefnum fyrir árið 2016. Tillaga um tíu áhersluverkefni innan vébanda Sóknaráætlunar Vestfjarða 2016 var send samráðsvettvanginum í heild og óskað eftir athugasemdum fyrir 23. mars 2016. Á fundi í framkvæmdaráði sóknaráætlunar var svo tillaga fyrir 2016 samþykkt og í framhaldinu óskað eftir staðfestingu Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

Á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar 2. júní 2016 fór síðan fram heildarendurskoðun á Sóknaráætlun Vestfjarða. Á fundinum var farið yfir uppfærð drög að einfaldaðri sóknaráætlun, þeirri sem hér birtist, rætt um áhersluverkefni 2016, atriðum forgangsraðað, farið yfir stefnumótunarkafla og lagðar fram hugmyndir að áhersluverkefnum sem verða teknar til skoðunar árið 2017, eins og gerð er grein fyrir í síðasta kafla.

3. Stefnumörkun

i. Nýsköpun og atvinnuþróun

Eftirfarandi eru stefnumótandi áherslur sem byggja á vinnufundum og viðtölum í tengslum við gerð sóknaráætlunar Vestfjarða, einnig á fundum Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar 2015 og 2016.

Nýsköpun og atvinnuþróun; Efla þarf nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu og stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja sem byggja á nýsköpun, einnig vöru- og gæðaþróun í starfandi fyrirtækjum. Áherslu þarf að leggja á að styðja við verkefni til lengri tíma og nýsköpunarverkefni sem eru í vinnslu. Stefna þarf í auknum mæli að fullvinnslu afurða úr sjávarútvegi, landbúnaði og fiskeldi og tengja við ferðaþjónustu. Sjálfbærni er lykilhugtak við alla uppbyggingu. Skapa þarf vettvang fyrir samstarf og samræðu aðila í nýsköpun.

Uppbygging þróunarsetra, rannsókna og þekkingar; Í tengslum við hefðbundnar og vaxandi atvinnugreinar á svæðinu þarf að auka rannsóknir og þekkingaröflun með það að markmiði að skapa ný verðmæti og störf á svæðinu. Þessi sérhæfðu störf þarf að byggja upp á Vestfjörðum, t.d. innan vébanda þeirra þróunarsetra og rannsóknarstofnana sem eru á Vestfjörðum og þarf að vernda og efla. Hafa ber í huga að þekkingarstörf eru mjög verðmæt fyrir einhæft atvinnulíf svæðisins og geta til framtíðar verið mikilvægur hluti af því að sýna fram á að raunverulega sé hægt að byggja upp sérhæfð störf og sérfræðistörf án staðsetninga.

Hliðargreinar; Talsverð tækifæri er að finna í hliðargreinum í þeim atvinnugreinum sem fyrir eru á svæðinu og sama gildir um fullvinnslu afurða. Þessar hliðargreinar eiga að geta þrífist vel með markvissu samstarfi við kjarnafyrirtæki svæðisins. Vöxtur í fiskeldi mun skapa eftirspurn eftir þjónustu bæði nýrri og hefðbundinni og þurfa þjónustufyrirtæki að vera viðbúin því. Það þarf að efla frumkvöðla í því að hagnýta þau tækifæri sem fyrir eru með stuðningi sem getur verið í formi þjónustu, fjármagns eða aðstöðu.

Fjárfestingaverkefni; Það þarf að vinna í að setja upp ný fjárfestingaverkefni og hvetja til atvinnufjárfestinga með stuðningi, ráðgjöf og virkri leit að verkefnum sem geta nýtt aðstæður og auðlindir á Vestfjörðum. Mikilvægt er að hugað sé að sjálfbærni og uppbyggingu verkefna sem hafa samkeppnisforskot vegna hagstæðra aðstæðna og nálægðar við auðlindir. Það þarf bæði að laða að innlenda og erlenda fjárfesta sem hafa trú á svæðinu og þeim viðskiptatækifærum sem fyrirfinnast í fjórðungnum.

Fjárfestingaverkefni eru fljótlegasta leiðin til að skapa sýnileg áhrif á skömmum tíma. Þau þurfa að hafa skýra stefnu og það þarf að greina viðskipta- og fjárfestingatækifæri á sviðum skapandi greina, kvikmyndatöku, líftækni, markfæðis, heilsuvöru, svæðisbundinnar landbúnaðarframleiðslu, virðisaukandi matvæla, hágæða ferðaþjónustu, heilsuiðnaðar og heilsutengdrar ferðaþjónustu, mennta- og menningartengdrar ferðaþjónustu, hágæða landbúnaðarvara, fóðurframleiðslu og öðrum verkefnum sem nýta auðlindir svæðisins til

hámarksverðmætasköpunar innan svæðisins. Innan fjárfestingaverkefna þarf að gæta sérstaklega að því að þekkingarstörf, stjórnunarstörf og sérhæfð tækni störf skapist innan svæðisins.

Fjölbreytileiki starfa – nýsköpun og frumkvöðlar; Á Vestfjörðum er einhæft atvinnulíf og iðnaður. Störf fyrir háskólamenntaða einstaklinga eru af skörnum skammti og þarf að efla framboð slíkra starfa. Slíkt verður gert gegnum ný verkefni, nýjar fjárfestingar í atvinnulífi og með stuðningi við nýsköpun og frumkvöðla. Verkefnin þurfa að hafa það að markmiði að skapa þekkingarstörf á breiðu sviði s.s. innan menningartengdrar ferðaþjónustu, skapandi greina, tölvugeiranum og störf í rannsóknastofnunum og háskólastofnunum. Með þessari áherslu felst samhliða að hér skapist áhugaverð störf fyrir ungt fólk. Jafnframt þarf að gæta að því að þau störf sem eru að skapast í gegnum ný verkefni taki mið af sjónarmiðum um jafnrétti, bæði varðandi aðgang og laun.

Atvinnustefnur; Það vantar heildstæða atvinnustefnu og uppbyggingarstefnu í ferðaþjónustu og atvinnumálum almennt. Sérstaka áherslu þarf að leggja á uppbyggingu ferðamannastaða næstu árin. Til viðbótar þurfa að vera til fjármunir til þess að ráðast í aðgerðir og eftirfylgni við þessar stefnur.

Grunngerð og samkeppniskilyrði; Til að atvinnulíf svæðisins geti vaxið þarf að fjárfesta í grunngerð. Samgöngur, fjarskipti, flutningar þurfa að vera með þeim hætti að hægt sé að ná með sjálfbærum hætti hámarksverðmætum úr þeim auðlindum sem Vestfirðingar geta nýtt. Samkeppnisstaða atvinnulífsins er almennt séð ekki góð og skortur á skýrri byggðastefnu stjórnvalda og aðgerða til þess að jafna þennan aðstöðumun. Úr þessu þarf að bæta og til þess þarf stöðuga þrýstivinnu og kröfur um úrbætur.

ii. Menning

Umræða um menningarmál var mjög á jákvæðum nótum á vinnufundum um sóknaráætlun 2015-2019 og sama gildi á fundum samráðsvettvangs Sóknaráætlunar 2015 og 2016. Þátttakendum fannst svæðið að mörgu leyti standa vel í menningarmálum, þrátt fyrir að þrengt hefði verið að með fjármagn frá ríki og rekstur menningarstofnana orðið sífellt erfiðari. Mikilvægt væri að tapa ekki þeim árangri sem náðst hefur og viðhalda þeirri góðu ímynd sem Vestfirðir hafa sem öflugt menningarsvæði, enda geti hún haft einkar jákvæð áhrif á byggðapróun, mannlíf og sjálfsmynd íbúanna.

Stefna:

- Stefnt er að auknu samstarfi á sviði menningar og lista á milli svæða og einnig milli menningar og annarra atvinnugreina. Sérstaklega skal stefnt að því að auka tengsl og samvinnu listafólks, fræðimanna og ferðaþjóna og sama gildir um menningarstofnanir, þekkingarsetur og ferðaþjónustufyrirtæki.
- Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna að því að efla og auðga menningarstarfsemi á svæðinu og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina. Þau leggja áherslu á að listir og menning séu mikilvægur hluti af verðmætasköpun, atvinnulífi og búsetuskilyrðum fjórðungsins og að menningarstarf skipti miklu máli fyrir mannlíf á svæðinu, sjálfsmynd íbúa og ímynd Vestfjarða.

- Efla skal söfn og setur, faglega og rekstrarlega, bæði til varðveislu og miðlunar menningararfsins og sem lykilaðila við uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn.
- Áhersla skal lögð á að listamenn sem búa á svæðinu taki þátt og séu virkir í verkefnum í fjórðungnum. Einnig að efla tengsl við ungt fólk af svæðinu sem menntar sig í menningu og listum og að það sé hvatt til að taka þátt í verkefnum og uppbyggingu á Vestfjörðum. Skapa þarf listnemunum og ungu listafólki aðstöðu og möguleika á að starfa í heimabyggð á námstíma og að námi loknu.
- Auka þarf framboð á tækifærum til menntunar á sviði lista á Vestfjörðum, fyrir alla aldurshópa.
- Stefnt er að því að sveitarfélögin veiti auknu fjármagni til menningarmála, samhliða því að ríkið veiti auknu fjármagni til málaflokksins.
- Áhersla skal lögð á að efla rannsóknir á menningu og listum í fjórðungnum.

Markmið:

- Nýta þau sóknarfæri sem felast í fjölgun skapandi starfa og fjölga starfandi listamönnum í fjórðungnum.
- Að nýta vel það fjármagn sem lagt er til menningarmála.
- Að efla menningarvitund og þekkingu á menningarsögu og menningararfleifð Vestfirðinga.
- Að koma menningarstarfi á Vestfjörðum á framfæri við íbúa svæðisins sem og aðra.
- Að leita eftir samstarfi sem víðast m.t.t. samnýtingar og fjölbreytni.
- Að efla samstöðu og samvinnu innan landshlutans.

Leiðir og áhersluatriði:

- Sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaga og líti á uppbyggingu og gæðaðpróun í málaflokknum sem lið í bættum búsetuskilyrðum og atvinnusköpun.
- Sveitarfélög í fjórðungnum setji sér menningarstefnu til nokkurra ára hvert og eitt, auk stefnu fyrir svæðið í heild. Skoðaðir verði í hverju sveitarfélagi möguleikar á samstarfs- og styrktarsamningum milli sveitarfélaga og menningarstofnana og menningarfélaga til lengri tíma en árs.
- Kannaðir verði sérstaklega möguleikar á auknu samstarfi á svæðinu og milli sveitarfélaga í kennslu listgreina, í safnastarfi og við viðburðastjórnun.
- Unnið verði með markvissum hætti að því að auka samkeppnishæfni menningarstofnana & listafólks á svæðinu og áttak gert við að aðstoða þá við að sækja stuðning til fagsjóða á sínu sviði og til innlendra og erlendra verkefnasjóða.
- Stutt verði við alþjóðlegt og innlent samstarf á sviði menningar og möguleikar á auknu erlendu samstarfi skoðaðir sérstaklega.
- Kennsla og endurmenntun í listgreinum á svæðinu verði tekin til skoðunar og eflid. Tryggt verði aðgengi allra barna í fjórðungnum að tónlistarskólum og listnámi. Framboð á listnámi fyrir börn verði aukið, m.a. með auknu samstarfi grunnskóla.

Skoðaðir verði möguleikar á samstarfi sveitarfélaga um farkennara á sviði lista og menningar, þar sem þörf er á. Skoðaðir verði möguleikar á listmenntun fyrir ungt fólk á framhaldsskólastigi, m.a. með sérstakri listnámsbraut MÍ. Eflt verði framboð á listnámskeiðum og endurmenntun fyrir fullorðna.

- Sveitarfélög, menningarstofnanir og aðrir rekstraraðilar sem við á, vinni að því að bæta aðstöðu og umhverfi menningarstarfs í fjórðungnum, bæði hvað varðar húsnæði, sýningarsali og geymslur, til listsköpunar, sýningarhalds og varðveislu og miðlunar menningararfsins.
- Komið verði á samstarfsvettvangi safna, setra og sýninga í fjórðungnum. Ráðist verði í sérstakt átaksverkefni með þjóðmenningarstofnunum og með almennri þátttöku heimamanna varðandi kortlagningu menningarminja og sérstöðu. Einnig verði gert átak í gagnvirkri miðlun og framsetningu menningararfsins á vefformi í samvinnu sömu aðila.
- Skilgreint verði ábyrgðarsafn á Vestfjörðum í samræmi við safnalög.
- Tekin verði til skoðunar hugsanlegar sameiningar menningarstofnana, kostir og gallar slíkrar þróunar, og hvaða möguleikar séu til að efla stjórnsýslu þeirra.
- Áhersla verði lögð á samræðu og stefnumóta lista, fræða, menningarstofnana, safna og ferðaþjónustu. Jafnframt verði horft til að efla samræðu grasróttarar, reynslu og menntunar og virkja þannig mannauðinn í samfélaginu.
- Að greint verði með hvaða hætti menning og listir geta orðið þátttakendur og áhrifavaldar í jákvæðri byggðaþróun á Vestfjörðum.
- Lögð áhersla á öflugt, fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf, með því m.a. að efla og auka fjölbreytileika hvað varðar hátíðahald, uppákomur og skemmtanir. Styðja vel við hátíðir sem þegar hefur verið komið á laggirnar.
- Skapandi greinar og menningarlíf kortlagt innan áhersluverkefnis og þannig lagt mat á núverandi stöðu og umfang skapandi greina á Vestfjörðum og samfélagslegu og efnahagslegu vægi þeirra. Auk stöðugreiningar verði upplýsingar settar upp og varðveittar í gagnagrunni til að fylgjast með þróun og árangri. Ennfremur felst í verkefninu hugmyndavinna og kortlagning á tækifærum til eflingar og atvinnusköpunar á sviði skapandi greina, auk skoðunar á tækifærum innan menntakerfis að auka hvatningu á því sviði.
- Styðja kröftuglega við bakið á aðilum sem vinna að varðveislu og miðlun menningararfs og uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Ráðist verði í sérstakt gæðaðróunarverkefni á þessu sviði, þar sem jafnframt er hugað að auknum sértekjum. Um leið verði unnið að endurmenntun og fræðslu starfsmanna, bæði þeirra sem starfa í móttöku og stjórnenda, og hvernig þessir aðilar geti unnið betur með skólum í fjórðungnum. Þá verði hugað að því hvernig þróun og uppbygging safna geti stutt betur við uppbyggingu ferðaþjónustu og hvernig menningarstofnanir geta orðið lykilaðilar í rannsókn- og menntatengdri ferðaþjónustu.
- Starfsemi menningarmiðstöðva efla og gerð krafa um samræmi á landsvísu varðandi stuðning ríkisvaldsins við rekstur þeirra.

- Styðja við skapandi greinar, en einnig að styðja við og efla sérstaklega áhugamannafélög í listum og menningu.
- Ráðist verði í markaðsáttak þar sem vestfirskt menningarstarf og listalíf verður kynnt á vefnum í samvinnu við Félag vestfirskra listamanna - rafræn menningarbylting. Jafnhliða verði í auknum mæli litið til menningarstarfs á svæðinu við markaðssetningu vestfirskrar ferðaþjónustu. Tækifæri til samstarfs á landsvísu verði könnuð, varðandi það að gera menningarlandið Ísland í heild sinni aðgengilegra og áhugaverðara á vefnum.
- Kannaðir verði möguleikar á að nýta samkeppnisformið sem áhersluverkefni í sóknaráætlun Vestfjarða til að auka fjölbreytni í listalífi á svæðinu og til að virkja ungt fólk til þátttöku.
- Möguleikar á sameiginlegri vestfirskri listahátíð skoðaðir, þar sem viðburðir yrðu markaðssettir sameiginlega.
- Kanna möguleika að samnýta menningarviðburði, þannig að þeir ferðist í auknum mæli um fjórðunginn ef við á.
- Unnið verði að því að auka aðsókn að menningarviðburðum á Vestfjörðum. Efla og stækka þann kjarna sem sækir viðburði í hverju byggðarlagi, e.t.v. með ívilnunum (svo sem opnum húsum, menningardögum, menningarkorti, hollvinasamtökum menningar, markaðssetningu, atburðadagatali o.s.frv.). Skoða með viðburðastjórum í þessu samhengi skipulagðar sameiginlegar ferðir milli svæða og staða á menningarviðburði (menningarreisur, menningarstrætó).

iii. Menntun

Á Vestfjörðum er víðast góður aðgangur að framhaldsskólanámi, menntaskóli er starfræktur á Ísafirði og framhaldsskóladeildir á Patreksfirði og Hólmavík. Háskóli er ekki starfandi á Vestfjörðum, en Háskólasetur Vestfjarða er á Ísafirði sem er með meistaranám í haf og strandsvæðastjórnun og sinnir framkvæmd fjarnáms á háskólastigi á Vestfjörðum í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og þróunarsetur á svæðinu. Fræðslumiðstöð Vestfjarða gegnir mikilvægu hlutverki í fullorðinsfræðslu, með þróun starfsnáms, námskeiðahaldi, greiningu og stuðningi við fólk sem vill að hefja nám að nýju. Allar þessar stofnanir þarf að verja með ráðum og dáð, vinna að fjölbreyttu framboði náms, eflingu iðngreina og verknáms á svæðinu öllu og auka fullorðinsfræðslu.

Vestfirðir hafa lengi glímt við þann vanda að menntunarstig fólks er lægra en í flestum öðrum landshlutum. Í Stöðuggreiningu Vestfjarða 2014 sem Byggðastofnun vann, er staðan sú sama og mörg undanfarin ár; að íbúar á Vestfjörðum með grunnskólapróf eða minni menntun eru fleiri en í öðrum landshlutum. Sérstaklega er hlutfallið hátt þegar konur 18 ára og eldri eru skoðaðar, en 50% kvenna á Vestfjörðum hefur einungis lokið grunnskólaprófi eða eru með starfsnám að baki, á landsvísu er þetta hlutfall 33%.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa að laða til sín ungt háskólamenntað fólk en til þess að það verði að veruleika þurfa tækifæri að vera fyrir hendi varðandi atvinnu. Efla þarf fjölbreytileika í atvinnulífi þannig að menntað ungt fólk sjái tækifæri í að flytjast á svæðið.

| Karlar | Grunnsk. próf eða minna | Starfsnám eða minna | Stúdents próf | Iðnnám Verknám Meistarapr. | Grunnnám í háskóla | Framhaldsnám í háskóla |
|--------------|-------------------------|---------------------|---------------|----------------------------|--------------------|------------------------|
| Vestfirðir | 24% | 6% | 13% | 43% | 11% | 3% |
| Landið allt | 22% | 3% | 14% | 31% | 19% | 10% |
| Konur | | | | | | |
| Vestfirðir | 42% | 8% | 13% | 10% | 22% | 5% |
| Landið allt | 27% | 6% | 19% | 9% | 27% | 11% |

Menntun á Vestfjörðum vs. landið allt - Stöðugreining Vestfjarða - Byggðastofnun 2014

Úr sóknaráætlunarfundum sem haldnir voru á Vestfjörðum í janúar 2015 og síðan á fundum samráðsvettvangs Sóknaráætlunar 2015 og 2016 komu ýmsar áhugaverðar tillögur varðandi mannauð og menntun.

Þau málefni sem komu oftast upp voru þessi:


- Skólar og skólamál eru mikilvæg grunngerð sem þarf að hlúa að í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Setja þarf upp framtíðarsýn um stöðu ólíkra skólastiga 2019.
- Auka þarf samstarf skóla á Vestfjörðum og skoða gerð heildstæðrar menntastefnu fyrir fjórðunginn, með það fyrir augum að hækka menntunarstig íbúa.
- Mikilvægt er að sveitarfélögin setji sér sameiginlega stefnu á öllum skólastigum og skapað verði fjölbreyttari skólastarf á svæðinu.
- Verja þarf skólastarf á framhaldsskólastigi og háskólastigi sem þegar er til staðar á svæðinu. Hætta er á að fækkun í yngri aldurshópum á Vestfjörðum hafi neikvæð áhrif á framboð náms á framhaldsskólastigi. Endurskoða þarf reglur um lágmarksfjölda í áföngum og mæta þessum vanda.
- Horfa þarf í auknum mæli til tækifæra í samstarfi ólíkra skólastiga við atvinnulífið og rannsóknarstofnanir.
- Leggja þarf aukna áherslu á iðngreinar og verklega kennslu í grunn- og menntaskóla.
- Ráðast þarf í tilraunaverkefni á sviði menntunar nýbúa af erlendu bergi brotnu í grunnskólum og framhaldsskólum.
- Átak í tónlistarnámi og tónleikaiðkun, sem hægt væri að tengja við skólastarf á hverjum stað.
- Mikilvægt er að allir hafi jafnan möguleika á að sækja sér háskólamenntunar í heimabyggð, en sú er ekki raunin þar sem nettenging er ekki nægilega öflug í öllum sveitarfélögum.

iv. Lýðfræði og þróun mannauðs


Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um tæp 9% á síðustu 10 árum á meðan Íslendingum hefur fjölgað um 12%. Aldursdreifing í sveitarfélögunum á Vestfjörðum er mjög svipuð milli sveitarfélaga, en á síðustu 16 árum hefur orðið fækkun í nær öllum sveitarfélögum í öllum

aldursbilum upp að fimmtugu, eftir þann aldur er fjölgun. Það sýnir að meðalaldur íbúa á Vestfjörðum fer hækkandi.

Búferlaflutningar til og frá Vestfjörðum er mikill og er athyglisvert að sjá að öll sveitarfélög eru að fá til sín fleira fólk erlendis frá en fara frá þeim. Árið 2014 var fjöldi erlendra íbúa 10% á Vestfjörðum en á landsvísu er hlutfallið tæplega 7%. Pólverjar eru langfjölmennastir allra íbúa með erlent ríkisfang á Vestfjörðum og eru þeir um 63% af heildarfjölda erlendra íbúa árið 2014.



Öll sveitarfélögin bera hins vegar skarðan hlut frá borði hvað varðar flutninga fólks innanlands, fyrir utan sunnanverða Vestfirðir. Þar hefur fjármagn komið inn í formi fjárfestinga og þannig hafa sveitarfélögin náð að laða til sín nýja íbúa þar sem ný störf hafa skapast í kjölfarið. Neðangreind mynd er fengin úr stöðugreiningu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.



Úr sóknaráætlunarfundum sem haldnir voru á Vestfjörðum 2015 og síðar á fundum Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar 2015 og 2016 komu ýmsar áhugaverðar tillögur varðandi lýðfræði og þróun mannaúds.

Þau málefni sem komu oftast upp voru þessi:

- Tryggja þarf íbúum aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu, alls staðar á Vestfjörðum, hún er lykilatriði fyrir val á búsetu.
- Góðir skólar eru úrslitaatriði þegar búseta er ákveðin.

- Fjölbreytni í atvinnulífi er lykilatriði, gott og öflugt menningar- og mannlíf.
- Vinna þarf tillögur að skattaávilnunum til að bæta búsetuskilyrði á varnarsvæðum.
- Tækifæri felast í sameiginlegri móttökustefnu sveitarfélagana fyrir nýbúa. Huga þarf að bættri upplýsingamiðlun til íbúa hjá vestfirskum sveitarfélögum. Félagasamtök þurfa að huga vel að því að vera opin og aðgengileg nýju fólki og reyna að virkja fleiri til þátttöku.
- Leggja þarf sérstaka áherslu á uppbyggingu starfa fyrir menntað ungt fólk og konur. Sérstaka áherslu ætti að leggja á að fá frumkvöðla til að setjast að í fjórðungnum.
- Efla þarf íþróttá- og tómstundastarf.
- Hugsa þarf í auknum mæli um lífsgæði íbúa, að þeir sem búi á svæðinu séu ánægðir með samfélagið og taki virkan þátt í þróun þess.
- Átak þarf í að nýta menntun, hæfileika og tengsl nýbúa af erlendum uppruna.
- Efling íslenskukennslu þegar nýbúar af erlendum uppruna setjast að á svæðinu. Vitundarvakningu þarf um hvernig megi aðstoða fólk við að komast inn í samfélagið almennt og verða virkir þátttakendur í því.
- Tryggja búsetu eldri borgara með byggingu hjúkrunarheimilis á suðursvæði Vestfjarða.
- Beita ætti skattkerfinu til að efla búsetu á svæðum sem eiga í varnarbaráttu gagnvart búsetuþróun.

4. Greining Vestfjarða

Staða Vestfjarða hefur síðasta áratug verið rædd í mörgum skýrslum og úttektum. Benda má á Byggðaáætlun Vestfjarða 2003, Vaxtasamning Vestfjarða 2005, Vestfjarðanefnd 2007, menningarstefnu Vestfjarða frá 2007, þjóðfund 2010 vegna sóknaráætlunar 2020, samráðsvettvang ríkisstjórnar 2011 og síðan vinnu við sóknaráætlanir 2012, 2013 og 2014 auk fleiri sértækra verkefna s.s. vegna Brothættra byggða, úthlutun sértæks byggðakvóta, auk fleiri skýrslna um stöðu atvinnulífs m.a. hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Einnig má nefna úttekt Byggðastofnunar 2014 og Hagvöxtur landshluta 2009-2013, greiningarvinnu sem er aðgengileg á vef Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og loks *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum* sem unnin var 2015-2016.

Almennar aðstæður

Á Vestfjörðum er fábreytt atvinnulíf og störfín eru of einhæf. Fólksfækkun hefur verið mikil og viðvarandi. Nokkurn viðsnúning má sjá á stöðum á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem atvinnulíf er í vexti og umtalsverðar nýfjárfestingar hafa átt sér stað síðustu misseri.

Samkeppnisstaða atvinnugreina er áhyggjuefni og frammistaða þeirra mælt í afkomu er ekki nægilega mikil til að sjá mikinn innri vöxt og fjárfestingar í nýjum greinum. Því er hætta á að núverandi atvinnulíf nái ekki að snúa við þeirri neikvæðu þróun sem hefur verið viðvarandi á Vestfjörðum.

Rétt er að benda á að á svæðinu hafa verið í gangi ýmis nýsköpunarverkefni og sprotaverkefni sem hafa gengið upp. Þau hafa tækifæri til að vera leiðandi á sínu sviði og skapa fjölbreytt störf. Þetta eru langtímaverkefni og sum hver áhættusöm. Mörg verkefni lenda þó of oft í þeim vandamállum að veðhæfni fasteigna og fastafjármuna er ekki metin hátt vegna staðsetningar þeirra.

Mörg verkefni sem mögulega geta vaxið og dafnað á Vestfjörðum á komandi árum er byggja á nýtingu náttúruauðlinda, það eru verkefni innan ferðaþjónustu, fiskeldis, kalkþörungum, þörungum, virðisaukandi framleiðslu og þjónustu og nýtingu hliðarafurða. Þessu atvinnugreinum fylgir hátt hlutfall af ósérhæfðum og ófaglærðum störfum og leysa því að litlu leyti þann vanda sem fylgir einhæfu atvinnulífi svæðisins. Á svæðið vantar vel launuð störf fyrir ungt háskólamentað fólk, konur og karla. Miðað við þann fjölda sem stundar háskóla-, verk- og tækninám, þarf að vinna í að auka fjölbreytileika á atvinnumarkaði Vestfjarða á komandi árum, bæði með skammtíma- og langtímaaðgerðum.

Til viðbótar við atvinnumarkaðinn þurfa aðstæður að vera fyrir hendi til þess að laða að fólk til svæðisins. Þar verður að huga að fasteignamarkaðnum auk grunnþátta, verslunar og þjónustu.

Eitt mikilvægasta atriðið varðandi stöðu Vestfjarða eru byggðamálin og krafa til ríkisvaldsins um að jafna aðstöðu Vestfirðinga við aðra landshluta.

Byggðamál – áhersluatriði

Innviðir

- Uppbygging öflugs gagnanets - Mjög mikilvægt er að uppbygging öflugs gagnanets verði hraðað á Vestfjörðum þannig svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta er varðar atvinnulíf og þjónustu. Markmiðið er hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og til allra þéttbýlisstaða og lokið verði við háhraðatengingu dreifbýlis á Vestfjörðum. Hringtenging ljósleiðara á Vestfjörðum og tenging dreifbýlis einn af hornsteinum fyrir framgangi Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019.
- Orkumál - Mikilvægt er að jöfnuður náist sem fyrst í raforkukostnaði bæði milli dreifbýlis og þéttbýlis og eins milli heitra og kaldra svæða.
- Hringtenging rafmagns um Vestfirði og tengipunktur fyrir Hvalárvirkjun og virkjanir við Djúp þarf að verða að veruleika.
- Bættar samgöngur: Á tímabili Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 þurfa að verða viðtækar breytingar í landsamgöngum á Vestfjörðum, langþráðir áfangar í hringvegi um Vestfirði þurfa að verða komnir áleiðis. Þessar umbætur tengja atvinnu- og þjónustusvæði innan Vestfjarða auk þess að skapa ný tækifæri s.s. í ferðaþjónustu og fiskeldi. Einnig tækifæri að skoða með ný flugvallarstöði sem auki tíðni áætlunarflugs og skapi möguleika til farmflutninga. Með endurbyggingu vegar um Veiðileysuháls verður síðan stigið mikilvægt skref til að rjúfa vetrareinangrun íbúa í Árneshreppi. Framangreindum verkefnum hefur hinsvegar ítrekað verið frestað. Það er því krafa frá sveitarfélögum á Vestfjörðum til Alþingis að þessum verkefnum verði flýtt innan tímabilsins enda hafa samfélög á Vestfjörðum búið um langa hríð við lökustu landsamgöngur miðað við aðra landshluta.
- Framlög til viðhalds vega og vetrarþjónustu þarf að auka.
- Áætlunarflug er lykilþáttur fyrir atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum fyrir þjónustusókn og viðskipti og er ígildi hraðlesta í samanburð við samgöngukerfi annarra landa.
- Á Vestfjörðum eru verkefni sem koma nú til skoðunar ný jarðgangaverkefni til að tengja atvinnusvæði s.s. Álftafjarðargöng og brýnar endurbætur á núverandi vegakerfi m.t.t. mikilsverðra þátta s.s. ferðamannavega, breikka þarf um 40 einbreiðar brýr á stofnvegum, bundið slitlag þarf á alla stofnvegi, einbreitt slitlag á að heyra sögunni til, endurnýja þarf burðarlag og auka fjármagn til varna gegn ofanflóðum.

Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum

- Brothætt byggðarlög - Leggja þarf áherslu á að kröftum og fjármagni verði ekki dreift of mikið og skilgreina þarf betur markmið og væntan árangur.
- Stuðningur við einstaklinga. Skattalegar ívilnanir til einstaklinga vegna búsetu eða annarra þátta s.s. niðurgreiðslu námslána.
- Stuðningur við fyrirtæki. Mikilvægt er fyrir Sóknaráætlun Vestfjarða að stjórnvöld hafa sett ramma fyrir ívilnanir eða annan stuðning við fjárfestingar í atvinnulífi.

Atvinnumál

- Nýsköpun og vaxtargreinar, stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu, dreifing opinberra starfa, stoðkerfi hins opinbera og lánastarfsemi. - Í Byggðaáætlun 2010-2013 kom fram að efla ætti stoðkerfi atvinnulífsins með því að leggja áherslu á vaxtarsamninga og þannig skila auknum árangri í nýsköpun og atvinnuþróun. Ljóst er að sú áætlun hefur ekki náð fram að ganga eins og skyldi. Á Vestfjörðum hefur dregið verulega úr framlögum í aðgerðir sem hafa hentað smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Með þessum aðgerðum hefur samkeppnisstaða þessara fyrirtækja verið skert gagnvart stærri fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Til þess að sporna við fábreytni atvinnulífs á Vestfjörðum er mikilvægt að tilgreindar verði aðgerðir í Byggðaáætlun um nýjar atvinnugreindar sem eru að eflast á Vestfjörðum t.d laxeldi í sjó og vinnslu kalkþörungasetlaga. Einnig er mikilvægt að Byggðaáætlun sé samþætt með öðrum áætlunum ríkisins.

Opinber þjónusta

- Stefnumótun um opinbera þjónustu, opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Afgerandi vöntun er á upplýsingum um stöðu og þróun samfélaga á Íslandi og vekur athygli í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Stjórnvöld hafa því ekki heildaryfirlit um þróun eða árangur verkefna og er það mjög bagalegt fyrir framkvæmd sóknaráætlunar.

Markaðsbrestur

Atvinnumarkaðurinn á Vestfjörðum hefur verið í ójafnvægi. Þrátt fyrir viðvarandi fólksfækkun þá er enginn spennan á vinnumarkaðnum, þ.e.a.s. eftirspurnin eftir starfsfólki hefur ekki aukist og það fólk sem hefur misst vinnunna hefur einfaldlega flutt frá svæðinu í leit að atvinnutækifærum. Þessar aðstæður stafa líklega af því að verið er að hagræða í frumvinnslu og tæknivæða, þetta er óhjákvæmileg þróun. Líklega er þessi þróun enn í gangi og stærðarhagkvæmni og tæknivæðing mun aukast á komandi árum. Nýjum störfum fjölgar svo ekki nógu ört til þess að taka við vaxandi magni af sérmenntuðum einstaklingum á sama tíma og mikið er af fólki í háskólanámi og sérfræðinámi.

Í úttektum AtVest þá hefur komið í ljós að það eru markaðsbrestir í húsnæðismálum svæðisins. Byggingarkostnaður er langt yfir markaðsverðum, auk þess er húsnæðisverð með lægra móti á landsvísu. Þetta stafar líklegast af því að kaupgeta meirihluta einstaklinga og fjölskyldna á svæðinu er ekki mikil þar sem töluvert er af láglaunastörfum á svæðinu. Framboð og eftirspurn eru ekki í jafnvægi og er þetta alvarlegur markaðsbrestur sem þarf að vinna bug á.

Verslun og þjónusta er ekki í jafnvægi og má finna bresti í verðlagi og framboði á þjónustu. Í úttektum AtVest hefur komið fram í smærri byggðalögum ríki ónægja með verslun og þjónustu, bæði hvað úrval varðar og svo verðlagningu. Þjónustustig skiptir miklu máli við val á búsetu og er þetta því áhyggjuefni.

Nýting sjávarauðlinda

Djúpir og skjólgóðir firðir einkenna Vestfirðina og þessir firðir eru auðlind fyrir margvíslegar atvinnugreinar. Hefðbundnar fiskveiðar hafa þrífist á Vestfjörðum frá upphafi byggðar á Íslandi og þrífast enn. Fiskvinnsla hefur átt undir högg að sækja og þarf að grandskoða samkeppnisstöðu vinnslu á landsbyggðinni til þess að komast til botns um hvers vegna þurfi talsverðar ívilnanir til þess að láta þess kjarnaatvinnugrein svæðisins ganga upp.

Annað einkenni svæðisins er að vera frumframleiðslusvæði og er með lítið af virðisaukandi framleiðslu á svæðinu. Mögulega er of erfitt að byggja upp slíka vinnslu á svæðinu og þarf að greina vel hvaða samkeppnisforskot gæti verið í því að fara lengra í virðiskeðjuna innan Vestfjarða. Væri það liður í að Vestfirðir haldi sessi sínum sem matvælaframleiðslusvæði en matvælaframleiðsla er atvinnugrein sem mun í vaxandi mæli skapa hámenntastörf samhliða störfum sem krefjast minni fagþekkingar. Einnig er að finna áhugaverð verkefni á sviði fiskirotis, bragðefnavinnslu, fiskiolú, þara, þangi og aukaafurðum í gangi og hafa dafnað vel á undanförunum árum.

Vinnsla þörunga

Á Reykhólum hefur um áratugaskeið verið rekin sláttur og vinnsla á þörungum úr Breiðafirði á vegum Þörungaverksmiðjunnar. Rekstur verksmiðjunnar hefur verið stöðugur og vöruþróun í sífelldum gangi, því er hér um að ræða lykilyfirtæki fyrir svæðið. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi rekstur hennar m.a. með tryggu aðgengi að auðlindum fjarðarins.

Á hafsbotni víða á Vestfjörðum er að finna kalkþörunga. Á Bíldudal er rekin farsæl verksmiðja sem vinnur úr setlögum í Arnarfirði og möguleikar eru á námi og vinnslu við Ísafjarðardjúp. Einnig er að finna námur í Hrutafirði. Til lengri tíma mætti hugsa sér að miðstöð kalkþörunganáms og vinnslu á heimsvísu gæti verið á Vestfjörðum, enda um takmarkaða auðlind að nýta sem gætið verið raunhæft að hægt væri að nýta með sjálfbærum hætti næstu 30-40 árin. Nýting námanna skiptir höfuðmáli og þarf að vinna með sjálfbærni að leiðarljósi við þessa uppbyggingu. Fjárfestar á bak við svona verkefni munu drífa verkefnið áfram en fyrir verkefni þurfa grunnaðstæður og grunngerð að vera til staðar sem kallar á markvissar aðgerðir sveitastjórna og ríkisvaldsins.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er í vexti. Atvinnugreinin er sveiflukennd og árstíðabundin. Líklega er nokkuð í að heilsársferðamennska verði reglan en ekki undantekningin á Vestfjörðum. Tækifærin eru þó umtalsverð og benda þar á væntar úrbætur í samgöngumálum á næstu árum. Hér þarf að vinna markvisst í að byggja upp greinina innan frá samhliða öflugri og samræmdri markaðssetningu á svæðinu. Þetta kostar umtalsverða fjármuni og aðgengi að fjármagni hefur verið af skornum skammti. Þetta er langtímaverkefni og oft á tíðum er óljóst hver sé „rétt“ leiðin.

Þeir þættir sem myndu styðja hvað best við áframhaldandi vöxt ferðaþjónustu á Vestfjörðum eru lenging ferðamannatímabilsins, minnkun árstíðarsveiflu, uppbygging nýrra áfangastaða og aukin dreifing ferðamanna um landið. Til þess að þessi markmið náist þarf þverfaglegt starf ríkis, sveitarfélaga og annarra aðila. Sé það raunverulegt verkefni stjórnvalda á Íslandi að tryggja betri dreifingu ferðamanna verður að setja fjármuni og eftirfylgni í verkefni sem stuðla að dreifingu, það gengur ekki að draga úr t.d. vegaf framkvæmdum, og hafa einungis takmarkað þjónustu á vetri ef fleiri eiga að geta sótt Vestfirði heim.

Frestun mikilvægra aðgerða á samgönguáætlun, takmörkuð vetrarþjónusta og minnkandi fjármunir í svæðisbundna markaðssetningu vinna gegn áætlun ríkisins.

Ljóst er að þau verkefni sem þurfa að eiga sér stað til þess að auka ferðaþjónustu á Vestfjörðum eru kostnaðarsöm. Bættir innviðir eru aðgerðir sem ríkið verður að ákveða og fjármagna. Það sem sveitarfélögin og ferðaþjónar á svæðinu geta og hafa gert er að styðja við ferðaþjónustu í gegnum markaðssetningu. Fjármunir frá sveitarfélögum á Vestfjörðum sem og úr fyrri sóknaráætlunum hafa verið nýttir til þess að auka markaðssetningu á Vestfjörðum sem áfangastað.

Á Vestfjörðum hefur verið unnið eftir stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010-2015 í þeirri stefnumótun var lögð höfuðáhersla á fimm markmið:

- auka arðsemi, fagmennsku og gæði í vestfirskri ferðaþjónustu
- auka arðsemi fyrirtækja innan greinarinnar þannig að hún verði mikilvæg atvinnugrein og viðurkennd sem slík
- að efla ferðaþjónustu á svæðinu allt árið með markvissri vöruþróun og öflugri markaðssetningu
- að auka áherslu á umhverfismál
- að gera þátt atvinnugreinarinnar ferðaþjónustu sýnilegri í samfélaginu

Sumum þessara markmiða verður ekki náð nema með stuðningi hins opinbera enda snúa þau að stærri málum líkt og uppbyggingu innviða.

Ferðamálasamtökin hafa unnið að endurskoðun framangreindar stefnu og gert er ráð fyrir að ný stefna verði lögð fram um mitt ár 2016. Ný stefna verður kynnt samráðsvettvangi sóknaráætlunar og verði um verulegar áherslubreytingar þarf framkvæmdar á að meta hvernig þeim áherslum verður komið að í sóknaráætlunarvinnu á árinu 2016.

Fiskeldi

Fiskeldi er í örum vexti og mörg teikn á lofti að þessi atvinnugrein geti verið jafnstór stoð í atvinnulífi Vestfirðinga og hefðbundinn sjávarútvegur er nú. Til þess þarf þó að yfirstíga marga þröskulda sem snúa bæði að samkeppnishæfni svæðisins og eins almennt að rekstrarskilyrðum fyrirtækja og nýtingu sjávarauðlindarinnar. Nýtingu hafsvæða fyrir fiskeldi fylgja mörg viðfangsefni þar sem þarf að takast á við t.d. burðarþol, sjónmengun, umhverfisáhrif og áhrif á aðra starfsemi sem fyrir er eða er að vaxa. Fyrst um sinn eru störf sem skapast í fiskeldi að meirihluta störf þar sem krafist er fagþekkingar og menntunar úr sjávarútvegi. Reikna má því með að störfín séu karllægari en ella og minna er um störf sem

krefjast framhaldsmenntunar á háskólastigi, en finna má þó áhugaverð tækifæri í þeim efnum.

Landbúnaður.

Landbúnaður er mikilvægur þáttur í atvinnulífi og í að viðhalda byggðamynstur á Vestfjörðum. Vinnsla afurða úr landbúnaði hefur eflst að nýju eftir mikinn samdrátt á síðustu áratugum og mikilvægt að styrkja þá þróun. Einn liður í þeim efnum er að tryggja að jarðir fari ekki í eyði t.d. með breytingu á lögum er varðar búsetuskyldu og auðvelda kynslóðaskipti.

Annað atvinnulíf

Segja má að verslun og þjónusta og opinber starfsemi/þjónusta vaxi og dafni svo samhliða þessum frumvinnslu- og kjarnaatvinnugreinum. Fólksfæð á sumum atvinnusvæðum og sveitarfélögum gera það erfitt að reka dagvöruverslanir og aðra grunnþjónustu.

Opinber starfsemi

Varðandi opinbera starfsemi má segja að afar verðmæt störf skapist þar, störf fyrir sérfræði- og háskólamenntaða einstaklinga þar sem laun eru talsvert yfir meðallaunum svæðisins. Í því sambandi er rétt að benda á að uppbygging háskólanáms og rannsóknahverfis hefur náð að festa rætur sem nauðsynlegt er að hlúa vel að. Samanlagt þá eru opinberar stofnanir og sveitarfélög næst stærstu launagreiðendur svæðisins.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er treyst á að stefna Vísinda- og tækniráðs gangi sem mest eftir. Efling rannsóknastofnana og háskóla með rannsóknatengt nám í samstarfi við fyrirtæki styður við nýsköpun á Vestfjörðum s.s. fiskeldi, vinnslu kalkþörungna, úrvinnslu sjávarfangs og ferðaþjónustu. Einnig nýsköpun í námi s.s. á sviði skiplags haf- og strandsvæða og í sjávarútvegi. Nýta á þróunarsetur sem byggð hafa verið upp á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík sem kjarna í slíkri starfsemi.

Stefna með markvisst og fjölbreytt menntakerfi frá grunnskóla til háskóla sem leiðarljós fellur vel að uppbyggingu mannauðs á Vestfjörðum. Landshlutinn er með lægsta hlutfall íbúa með háskólamenntun og hæsta hlutfall íbúa sem eru eingöngu með grunnskólapróf. Litið er hér svo á að áherslur Vísinda- og tækniráðs séu stuðningur við rekstur framhaldsskóla og framhaldsdeilda á Vestfjörðum og starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða.

Áhersla Sóknaráætlunar Vestfjarða er að auka fjárfestingar í nýjum atvinnugreinum og hliðargreinum atvinnulífs í dag og samþættist það vel stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Menntamál

Hvað varðar framhaldsnám þá verður að tryggja starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og framhaldsdeilda á Patreksfirði og Hólmavík og einnig að tryggt sé framhaldsnám í tónlist og að stutt við starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Í annan stað að tryggja að starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða verði eflað, bæði til uppbyggingar staðbundins náms og fjarnáms á háskólastigi.

Menning

Fjölbreytt og öflugt menningarlíf einkennir Vestfirði og eru bæði atvinnu- og áhugamenn virkir þátttakendur í því. Þátttaka í menningarviðburðum er yfirleitt allgóð, en víða er markhópurinn sem sækir viðburði helst til fámennur og of fáir einstaklingar sem bera menningarlífið á herðum sér.

Á Ísafirði er menningarmiðstöð sem ríkisvaldið hefur ekki séð ástæðu til að styðja við reksturinn hjá, öfugt við sambærilegar miðstöðvar á Austurlandi og Suðurlandi. Þar er einnig starfandi listaskóli. Tónlistarskólar eru starfandi í öllum stærri sveitarfélögum og tónlistarlífið hefur verið öflugt, sbr. ímynd Ísafjarðar sem tónlistarbæjar.

Mörg verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum standa framarlega á landsmælikvarða. Þar má t.d. nefna Galdrasýningu á Ströndum, Skrímslasetur á Bíldudal og Melrakkasetrið í Súðavík. Fá viðurkennd söfn eru starfandi á svæðinu eða aðeins þrjú talsins, Byggðasafn Vestfjarða, Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti og Sauðfjársetur á Ströndum ses. Fleiri hafa þó burði til að fá slíka viðurkenningu og fjölmörg önnur söfn og setur er að finna á svæðinu. Starfsemi þeirra flestra líður fyrir skort á rekstrarfjármagni og miklir möguleikar eru á að efla þau með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á menningu og mannlíf.

Nokkrar stórar listahátíðir hafa verið árvissir viðburðir á Vestfjörðum síðustu árin. Þar má nefna tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, einnig leiklistarhátíðina Act Alone og heimildamyndahátíðina Skjaldborg. Miklir möguleikar eru til vaxtar í listum og skapandi greinum og þá eru einnig umtalsverð vaxtartækifæri í listmenntun sem í báðum tilvikum þarf að kortleggja betur og greina.

Helstu hindranir fyrir eflingu menningarlífs á Vestfjörðum, auknu samstarfi og þátttöku, eru þær sömu og fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs. Þar kemur einkum til skortur á fjármagni, slæmar samgöngur, brotalamir varðandi fjarskipti og nettengingar, hár rekstrar-, flutnings- og ferðakostnaður og fólksfæð.